

Ágengar plöntur í Stykkishólmi. Útbreiðsla og tillögur um mótvægisáðgerðir

Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson

Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi



1. Ágengar tegundir og staða Íslands

Ljóst er að ágengar tegundir geta haft veruleg, neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Áætlað er að á heimsvísu megi nú finna a.m.k. 100-550 þúsund tegundir plantna og dýra sem lifa utan náttúrulegra heimkynna sinna og er talið að allt að 80% tegunda á alþjóðlegum válistum séu þar vegna neikvæðra áhrifa framandi tegunda [1].

Ísland er þátttakandi í fjölmörgum alþjóðlegum samningum og samstarfi um

verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Með aðild sinni er Ísland skuldbundið til að varðveita þær tegundir og stofna sem hér er að finna og til að grípa til aðgerða ef ógnir steðja að íslenskum vistkerfum og tegundafjölbreytni.

Á Íslandi er að finna a.m.k. 126 framandi tegundir sem náð hafa nokkurri fötfestu í náttúrunni. Sjó þeirra teljast vera ágengar (þar af 3 plöntutegundir) og 17 mögulega ágengar (www.nobanis.org). Til að draga úr kostnaði og auka líkurnar á árangri gegn ágengum tegundum er mikilvægt að grípa til skipulegra aðgerða sem fyrst eftir að tegund nær fötfestu [2].

2. Ágengar plöntur í Stykkishólmi


Gerð var úttekt á útbreiðslu fjögurra plöntutegunda í landi Stykkishólmsbæjar (10 km²). Tvær þeirra, **Alaskalúpína** (*Lupinus nootkatensis*) og **skógarkerfill** (*Anthriscus sylvestris*) eru opinberlega flokkaðar sem ágengar, **bjarnarkló** (stundum nefnd risahvönn eða tröllahvönn) (*Heracleum mantegazzianum*) er í flokki mögulega ágengra plantna en ekki er vitað hvort **Spánarkerfill** (*Myrrhis odorata*) sé ágengur. Vaxtarstaðir plantnanna voru kortlagðir og flatarmál breiðna metið. Plöntur fundust á samtals 229 stöðum og þóktu alls 108.500 m² (1. tafla og 1. mynd).

3. Ráðgjöf um mótvægisáðgerðir


Þegar ákveða skal hvort grípa eigi til aðgerða gegn ágengri tegund og hvernig mögulegum aðgerðum verði forgangsraðað, er æskilegt að taka til athugunar bæði staðbundnar aðstæður og eiginleika tegundarinnar (1. box). **Að teknu tilliti til þessara þátta er lagt til að öllum ofangreindum plöntutegundum verði útrýmt úr landi Stykkishólmsbæjar með markvissum aðgerðum.** Settar eru fram leiðir að því markmiði með aðferðum sem sniðnar eru að hverri tegund (2. og 3. mynd og 2. box). Góð samvinna bæjaryfirvalda og íbúa er forsenda þess að verkefnið takist og er því nauðsynlegt að verkefninu fylgi **fræðsla** til íbúa. Til að viðhalda árangri átaksins er **eftirfylgni** mikilvæg og er m.a. lagt til að sveitarfélagið marki sér skýra **stefnu** varðandi innflutning og dreifingu ágengra plöntutegunda.

1. tafla. Fjöldi fundarstaða og flatarmál breiðna eftir tegundum.

	Lúpína	Skógarkerfill	Spánarkerfill	Bjarnarkló
Fjöldi fundarstaða	148	37	41	3
Flatarmál breiðna (m ²)	106.000	1.455	1.021	6



1. mynd. Skipting breiðna í stærðarflokka eftir flatarmáli.



2. og 3. mynd. Útbreiðsla lúpínu (grænir punktar), skógarkerfills (fjólubláir punktar) og Spánarkerfills (bláir punktar) og þungamiðjur dreifingar þeirra sýndar sem kernel líkindakúrfur (70% hjá lúpínu en 30% hjá skógar- og Spánarkerfilli). Bókstafir vísa til tillagna að forgangsraðun aðgerða og taka mið af að byrjað verði á að takmarka útbreiðsluna við þungamiðjurnar. Kort birt með leyfi Landmælinga Íslands.

1. box. Æskilegt er að ákvarðanataka um aðgerðir gegn ágengum plöntutegundum byggist á greiningu eftirfarandi þátta

- A) Ytri þættir.** Eiginleikar svæðisins sem ágenga plantan er að breiðast um:
- Líffræðileg fjölbreytni
 - Plöntur/vistkerfi sem eru friðlýst, á náttúruminjaskrá eða sjaldgæf á svæðis- eða heimsvísu
 - Nyttjar (s.s. vegna útivistar, ferðaþjónustu eða landbúnaðar)
 - Ásýnd lands og landslagsheild
 - Viðkvæmni lífríkis fyrir breyttum efnabúskap jarðvegs

- B) Innri þættir.** Eiginleikar viðkomandi plöntutegundar:
- Áhrif á ytri þætti
 - Þéttleiki og útbreiðsla, í hvaða stofnvaxtarfasa?
 - Hversu líkleg er plantan til að auka útbreiðslu sína?
 - Hversu líklegur er árangur af aðgerðum?
 - Áhrif á heilsufar

2. box. Aðgerðir gegn ágengum plöntutegundum

Alaskalúpína: Sláttur fyrir mitt sumar eða á meðan plantan er blómstrandi en áður en hún myndar fræ.
Skógar- og Spánarkerfill: Sláttur a.m.k. þrisvar yfir sumarið, stakar plöntur stungnar upp. Ef þetta dugur ekki til má bæta við eitrun snemma vors.
Bjarnarkló: Höggva rót í sundur snemma vors, a.m.k. 10 cm undir yfirborði jarðar. Endurtaka 1-3 sinnum yfir sumarið. Hlíðarfatnaður og örugg förgun plöntuhluta er nauðsynleg vegna heilsufarsáhættu sem af plöntusafanum stafar.